

From: [Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA](#)
To: blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; asta@blaskogabyggd.is; [Grímsnes- og Grafningshreppur](#); [Fjóla Steindóra Kristinsdóttir](#)
Subject: Tilkynning um stjórnsýslukæru nr. UUA2605015. Kæra vegna deiliskipulags Heiðarbæjar við Þingvallavatn.
Date: miðvikudagur, 27. maí 2026 13:53:14
Attachments: [image001.png](#)

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæru, sjá meðfylgjandi tölvupóst, móttekin 25. maí 2026 þar sem kærð er ákvörðun um breytingu á deiliskipulagi Heiðarbæjar við Þingvallavatn (tilvísun 2206013) birtu 29. apríl 2026.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varðar. Þar sem um sambærileg sjónarmið er að ræða og áður eru fram komin af hálfu kærenda í máli nr. UUA2602006 er veittur frestur til 4. júní nk. til að koma að athugasemdu.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju f.h. nefndarinnar

Ólöf Harðardóttir skrifstofumaður

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Ísland
Sími / Tel: (+354) 5758710, símatími kl. 10-12
www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.
Please consider the environment before printing and choosing transport.

Frá: Halldóra Mathiesen <dora@fbergsson.is>

Sent: 25 May 2026 16:28

Til: Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA <uua@uua.is>

Afrit: Frosti Bergsson <frosti@fbergsson.is>

Efni: Kæra vegna deiliskipulags Heiðarbæjar við Þingvallavatn.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála,
Borgartúni 21, 105 Reykjavík.

Reykjavík, 25. maí 2026

Efni: Kæra vegna deiliskipulags Heiðarbæjar við Þingvallavatn

Hér með er kærð ákvörðun Sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um deiliskipulag Heiðarbæjar við Þingvallavatn (tilvísun: 2206013), birt 29. apríl sl. Vísað er til fyrirliggjandi kæru minnar, UUA2602006 dags. 5. febrúar sl., vegna fyrri ákvörðunar Sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um sama efni. Er í kæru þessari vísað til og áréttuð öll sjónarmið og kröfur sem sett voru fram í fyrri kæru. Ég krefst þess að kæra mín fái efnislega meðferð þar sem ekkert kemur fram í athugasemdum og fylgiskjölum stjórnvalda sem mér voru send 15. maí sl. að kæra mín hafi sérstaklega verið tekin fyrir. Þangað til stend ég í þeirri meiningu að um mistök við uppfærslu á uppdrætti deiliskipulagsins sé að ræða varðandi mitt mál og krefst þess að það verði leiðrétt. Í mínu máli er um mjög íþyngjandi kröfu að ræða þó ekki fari mikið fyrir henni á blaði. Ég tel að hér hafi gleymst að gæta að meðalhófsreglunni.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari sjónarmiðum eftir þörfum.

Virðingarfyllt,

Halldóra Mathiesen kt.161260-2669